

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, fimmtudaginn 9. mars kl. 12:00 var haldinn 331. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjárfundarbúnað. Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 9.03.2023, um arðgreiðslu. Tillagan var kynnt á fundi stjórnar 27. febrúar sl. Tillögunni fylgir greinargerð. Benedikt kynnti sviðsmyndagreiningu, sem óskað var eftir á SF330.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 5.500 milljónir króna eða tæplega 2,0% af eigin fé í árslok 2022 og 70% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2027.

Á stjórnarfundum 27. febrúar sl. lögðu Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir og Þórður Gunnarsson tillögu, aðallega um að falla frá arðgreiðslu til eigenda vegna rekstrarársins 2022 en til vara að fresta ákvörðun um arðgreiðslu. Umræður.

Tillaga (PG og RAV) um að falla frá arðgreiðslu borin upp og felld með atkvæðum Þórðar Gunnarssonar og Ragnhildar Öldu Vilhjálmsdóttur gegn atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar og Valgarðs Lyngdal.

Tillaga (PG og RAV) um að fresta arðgreiðslu um 6 mánuði borin upp og felld með atkvæðum Þórðar Gunnarssonar og Ragnhildar Öldu Vilhjálmsdóttur gegn atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar og Valgarðs Lyngdal.

Lögð fram tillaga formanns stjórnar um að fresta afgreiðslu arðgreiðslutillögu til aukafundar þriðjudaginn 14. mars nk. Samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar og Valgarðs Lyngdal gegn atkvæðum Þórðar Gunnarssonar og Ragnhildar Öldu Vilhjálmsdóttur.

2. Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds lögðu fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur móðurfélags og Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu fyrir árið 2022. Reikningarnir voru kynntir á fundi stjórnar 27. febrúar sl.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton gerði grein fyrir endurskoðunarskýrslu og vinnu við endurskoðun reikninganna.

Sunna Jóhannsdóttir, nefndarkona í endurskoðunarnefnd og Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar kynntu umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikninginn, dags. 6. mars 2023.

Samþykkt að fresta afgreiðslu reikningsins til aukafundar þriðjudaginn 14. mars 2023.

Fundi frestað kl 12:45 og fundur OR eigna settur. Klukkan 12:50 var fundur settur að nýju.

3. Lögð fram tillaga að svari við erindi formanns borgarráðs, dags. 24. febrúar 2023, varðandi hlutafjárúkningu Ljósleiðarans. Umræður. Samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar og Valgarðs Lyngdal að svara erindinu á grundvelli framlagðar tillögu. Þórður Gunnarsson situr hjá. Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir skilar sér álitum um málið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:20.

Næsti aukafundur stjórnar verður haldinn þann 14. mars 2023.

Gylfi Magnússon

Vala Valtýsdóttir
Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir
Valgarður Lyngdal Jónsson

Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson
Guðveig Lind Eyglóardóttir.